



Móttöku-, brennslu- og orkunýtingarstöð úrgangsefna í Vestmannaeyjum

Mat á umhverfisáhrifum
Kynningarfundur frummatsskýrslu - 17. september 2020



Vestmannaeyjabær

ATA

Forsaga og tímalína

Almennt um framkvæmdina

- Ný brennslu- og orkunýtingarstöð við Eldfellsveg
- Tekur á móti blönduðum úrgangi, máluðu timbri og öðrum úrgangi sem ekki er hægt að endurvinna.
- Þessi hluti úrgangsins hefur verið fluttur upp á land undanfarin ár til urðunar.
- Afkastageta 4000 tonn á ári
- Við brennsluna verður til orka sem er stefnt að því að nýta til að hita vatn.
- Lóð móttöku- og flokkunarstöðvarinnar verður endurskoðuð á sama tíma.

Forsaga


- 1993-2011 Nánast allur úrgangur brenndur í Sorpeyðingarstöð Vestmannaeyja og orkan hitaði upp bakrásarvatn áður en það fór í Kyndistöðina
- 2011 Brennslustöð lokað, mengunarvarnarbúnaður stóðst ekki nýjar og strangari kröfur
- 2011 Átak í flokkun til að minnka þann hluta sem þarf að farga. Óflokkaður úrgangur fluttur í Kölku í Keflavík til brennslu.
- 2015 Kalka hættir að taka á móti úrgangi til brennslu. Samið við Sorpu í Reykjavík um að taka á móti úrganginum til urðunar.
- 2023 Urðunarstaður Sorpu átti að loka 2020 en því hefur verið frestað til 2023.
- Ýmis vandamál hafa fylgt flutningi úrgangsins með Herjólfri bæði vegna lyktar, kostnaðar og þess pláss sem úrgangurinn tekur.
- Leitað nýrra leiða = Niðurstaða að fá nýja brennslustöð.



Umhverfismat
framkvæmdar

Deiliskipulag

Skipulag, tímalína




Umhverfismat framkvæmdar, tímalína

Kynningartími til 9. október 2020.

Allir geta kynnt sér frummatsskýrslu og vinnslutillögu deiliskipulags og lagt fram athugasemdir.

- Athugasemdir vegna frummatsskýrslu berist til Skipulagsstofnunar skipulag@skipulag.is
- Athugasemdir við skipulagstillögu skulu sendar á 900skipulag@gmail.com eða til umhverfis- og framkvæmdasviðs Skildingavegi 5.



Valkostir um staðsetningu

Staðsetning framkvæmdar

Forsendur fyrir staðsetningu við Eldfellsveg í húsnæði gömlu brennslustöðvarinnar.


- Í samræmi við aðalskipulag
 - Engar ábendingar um aðrar staðsetningar komu í aðalskipulagsferlinu
- Í samræmi við niðurstöðu starfshóps frá 2015 um framtíðarlausn í sorpmálum í Vestmannaeyjum
- Núverandi staðsetning hefur kosti
 - Sjónræn áhrif lágmörkuð á niðurgröfnu svæði
 - Hefur valdið lítilli truflun þrátt fyrir að vera nærri íbúðarbyggð
- Núverandi húsnæði nýtist án mikilla breytinga
 - Möguleiki að stækka húsið til suðausturs ef þarf
- Lagnatengingar til staðar

Staðsetning við Eldfellsveg.

S
t
a
ð
s
e
t
n
i
n
g



Við Urðarvita - ábending úr athugasemd við matslýsingu



- Staðsetning við Eldfellsveg er ekki góð vegna sjónmengunar og ekki er gott að hafa ruslahauga þar sem þeir blasa við íbúum og ferðamönnum.

Viðbrögð við athugasemd:

- Urðarviti er mikilvægt kennileiti.
- Kamburinn næsta vitanum er hverfisverndaður.
- Mikilvægt efnistökusvæði í Vestmannaeyjum, vinnanlegt efni 100-150.000 m³ + efnisnám úr fjörunni sem endurnýjar sig.
- Mat sveitarfélagsins að svæðið við Urðarvita henti ekki fyrir móttökusvæði fyrir úrgang og brennslustöð.

2.1.1. Núllkostur

Núllkostur, það er ef hvorugur þessara staðarvalskosta kemur til greina, myndi leiða til þess að enginn staður yrði í Vestmannaeyjum til að taka við úrgangi.

Staðsetning við Eldfellsveg er aðalvalkostur

Valkostir um meðhöndlun úrgangs

- Meðhöndlun úrgangs uppi á landi /lykt, pláss í ferju, kostnaður við flutninga, óvissa um hver tekur við úrgangi.
- Brennsla úrgangs í Vestmannaeyjum /nú tímalegar brennslustöðvar með uppfærðum mengunarvörnum hafa reynst vel í minni samfélögum eins og Eyjum.
- Gas- og jarðgerðarstöð í Vestmannaeyjum /sorp magn í Eyjum of lítið, búnaður dýr og einingar stórar.
- Urðun úrgangs í Vestmannaeyjum /ekkert landrými, urðun í ósamræmi við stefnu um að draga úr urðun.
- Senda sorp til förgunar erlendis / strangar reglur gilda um flutning á blönduðum úrgangi milli landa, ekki traust leið til framtíðar og mjög kostnaðarsöm.

Niðurstaða : Brennsla er skásti kosturinn, getur falið í sér endurnýtingu ef orkan sem til fellur nýtist og fellur að stefnumörkun stjórnvalda. Í öllum undirbúningi skal tryggja að mengun sé innan marka. Stofnkostnaður er hár en vonir um að rekstrarkostnaður verði innan marka.

Deiliskipulag í
kynningu á
vinnslustigi

Framkvæmdasvæði

Móttökustöð úrgangsefna í Vestmannaeyjum

Tillaga að deiliskipulagi



Tillaga að deiliskipulagi: Móttökustöð úrgangsefna, í mkv. 1:2000



Skýringarmynd: Hluti Aðalskipulags Vestmannaeyja 2015-2035

Skýringar

- Skipulagsmörk
- Núverandi byggingar
- Lóðamörk
- Byggingarreitur
- Athafnasvæði móttökustöðvar
- Steypt efnihölf, leiðbeinandi staðsetning
- Vegir
- Malarslóðar, takmörkuð umferð
- P Bilastæði
- R Rotbró, leiðbeinandi staðsetning

Deiliskipulag þetta hefur fengið meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. og var samþykkt í bæjarsjórn Vestmannaeyjabæjar þann _____.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____.

f.h. Vestmannaeyjabæjar

Uppdráttur þessi er hluti af deiliskipulagstillögu fyrir móttökustöð úrgangsefna í Vestmannaeyjum. Með uppdretti fylgir greinargerð og skilmálar dags. 25. nóvember 2019.




Móttökustöð
úrgangsefna í
Vestmannaeyjum

Tillaga að deiliskipulagi

Dagur:	Mælikvæði:	Útgáfunúmer:
14. ágúst 2020	1:2000@ A3	A1334-004-U02
Telma./Vefur:	Telma. nr.:	
DK/HB	1/1	

- Móttökustöð og flokkunarstöð fyrir úrgang
- Núverandi aðkomu lokað og ný aðkoma útfærð norðar á svæðinu
- Manir til að draga úr sjónrænum áhrifum
- Girðing við aðkomu frá Eldfellsvegi, gegnsæi minnst 50%.
- Norðurhluti svæðis : Móttöku og flokkunaraðstaða fyrir almenning, bundið slitlag eða steyp t yfirborð
- Suðurhluti svæðis: Athafnasvæði fyrir stöðina sjálfa
 - Steyp t efnishólf fyrir úrgang sem bíður meðhöndlunar
 - Byggingarreitur A 867 m²: Hús fyrir flokkunar, brennslu- og orkunýtingarstöð
 - Byggingarreitur B 300 m²: Vinnuskúrar og skemmur, minni byggingar starfsmannaaðstaða, móttaka á spilliefnum, gámar o.sv.fr.
 - Hámarkshæð bygginga 16,7 m en einstaka byggingarhlutar t.d. strompar og vegna loftræstingar mega ná upp í 21 m.



Lóðarmörk
 Byggingar
 Gámar
 Malarslóðar
 Mön
 Girðing
 Hlið


Stefnumörkun um úrgang

Stefnumörkun um meðhöndlun úrgangs á Íslandi

Stefna um meðhöndlun úrgangs skv. meðfylgjandi forgangsroð.

Ráðherra setur stefnu ríkisins um meðhöndlun úrgangs með 9 áhersluflokkum sem fjalla um að

- draga úr myndun úrgangs
- draga úr förgun úrgangs
- nýta hluti betur




LÍNULEGT HAGKERFI



Núverandi hagkerfi er línulegt hagkerfi sem oft er lýst með orðunum vinna-nota-henda.

Hringrásarhagkerfið byggir á því að úrgangur sé auðlind – sem eigin að endurvinna, endurnýta og lagfæra í stað þess að urða.

HRINGRÁSARHAGKERFI



Frumvarp - breyting á lögum um meðhöndlun úrgangs (EES-innleiðing)

Mál nr. 329/2019 | Birt: 20.12.2019 | Síðast uppfært: 16.01.2020

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið | Drög að frumvarpi til laga

Málefnasvið: | Umhverfismál

Niðurstöður í vinnslu

Umsagnarfrestur er liðinn (20.12.2019–20.01.2020). Umsagnir voru birtar jafnóðum og þær bárust. [Skoða umsagnir](#). Niðurstöður samráðsins verða birtar þegar unnið hefur verið úr þeim ábendingum og athugasemdum sem bárust.

Málsefni

Með frumvarpinu er ætlunin að innleiða tilskipun (ESB) 2018/850, um breytingu á tilskipun 1999/31/EB um urðun úrgangs, og tilskipun (ESB) 2018/851, um breytingu á tilskipun 2008/98/EB um úrgang. Nauðsynlegt er að samræma lög um meðhöndlun úrgangs efnisákvæðum þessara tilskipana.

Ábyrgðaraðili

Marianna Said
uar@uar.is

Skjöl til samráðs

Frumvarp til breytinga á lögum um meðhöndlun úrgangs

[Sækja skjal](#) - 49 kb

Fylgiskjöl

Samanburðarskjal

[Sækja skjal](#) - 53 kb

Fjöldi umsagna

Efni frumvarpsins (er í drögum)

Ú
r
g
a
n
g
u
r

Skylda að flokka og safna fleiri úrgangstegundum en í núgildandi lögum.

Samræma flokkunarmerkingar á landsvísu.

Flokka byggingar- og niðurrifsúrgang á upprunastað í a.m.k. spilliefni, við, steinefni, málum, gler, plast og gifs.

Nýjar reglur eru líklegar til að minnka magn óflokkaðs úrgangs.


Óheimilt að setja úrgang úr sérstakri söfnun á heimilisúrgangi í brennslu svo sem pappír og plast.

Skylt að safna gleri málmum og textíl.

Einstaklingum verður skylt að flokka heimilisúrgang þ.e. Pappír, málma, plast, gler, lífúrgang, textíl og spilliefni.

Magn úrgangs og
ferli brennslunnar

Magn í brennslustöð



Afkastageta nýrrar
stöðvar áætluð 4000
tonn á ári

- Blandaður úrgangur. Almennit sorp verður losað úr gámum og safnbíl beint í móttökustöð til meðhöndlunar í sorpbrennslustöð.
- Litað timbur. Litað timbur verður kurlað og sett saman við blandaða úrganginn.

Blandaður úrgangur kemur inn í byggingu brennslustöðvarinnar

Miðað við að brenna í 7 vikur í senn, síðan hlé til yfirferðar á búnaði og viðhalds.

Miðað við magn á síðasta ári þá safnast upp um 290 tonn á hverjum 7 vikum.

Fyrir hvern 7 vikna brennslutíma þarf 650 tonn og því þarf að safna 360 tonnum af brennanlegu efni.

Um ¼ af því verður litað timbur eða 90-100 tonn

Blönduðu sorpi verður safnað upp inni í stöðinni (~200 tonn) og 60-70 tonnum safnað í lokaðar geymslur á lóð stöðvarinnar – tveir 40 ft gámar eða sambærilegt.



Ef brennslutími er stytur þá minnkar geymslupörfin.

Ef magn í brennslu minnkar þá eykst geymslupörfin.


Sorpa hefur í spám sínum reynt að spá fyrir um þróun á magni úrgangs – áhrifaþættir eru margir.

Sorpa hefur áætlað það magn sem kemur inn á endurvinnslustöðvar sínar út frá spám um breytingu á einkaneyslu, þar sem einkaneysla hefur reynst meiri áhrifavaldur um magn úrgangs en fólksfjöldaþróun. Umhverfisstofnun hefur tekið undir þetta.


Áhrifaþættir margir – sveiflur miklar í magni úrgangs síðustu ár í Vestmannaeyjum – boðaðar breytingar á úrgangsstjórnun geta haft áhrif – áhrif aukinnar meðvitundar um umhverfisáhrif neyslu og umbúða.

Rekstrarforsendur miða eingöngu við úrgang frá Vestmannaeyjum.

Möguleg þróun á magni af úrgangi, miðuð við 1% aukningu á ári.



Ferli í brennslustöð



F
e
r
l
i

Brennsla á úrgangi skilur eftir leifar í formi flugösku og botnösku, sem svara til um 15–20% heildarmassa úrgangsins. Meginhlutinn er botnaska.

- Botnaska er kæld, sigtuð og segluð þar sem járn er náð úr henni sem fer til endurvinnslu.
- Botnaska getur verið
 - Virk og innihaldið spilliefni. Hana þarf að urða.
 - Óvirk og mögulegt að endurnýta t.d. í fyllingar, hljóðmanir, steypu, o.sv.fr.
- Ef botnaskan verður óvirk þá verður skoðað að nota hana sem fyllingu í Búastaðagryfju.
- Geymd í lokuðum skýlum/þróum á lóð móttökustöðvarinnar, varin fyrir vatni og vindi.
- Flugaska fellur til úr reykhreinsikerfi stöðvarinnar og inniheldur skaðleg efni s.s. blý, kvikasilfur, dioxin, sýruefni o.fl.
- Flugösku er ekki heimilt að urða hér á landi.
- Gert ráð fyrir að flugaskan verði flutt erlendis, mögulega til Noregs eins og askan frá Kólku.
- Geymd innandyrá í sekkjum á lokuðu yfirborði.

Mat á umhverfisáhrifum

Mat á umhverfisáhrifum

Þeir framkvæmdaþættir sem geta haft umhverfisáhrif eru:

- Ný brennslu- og orkunýtingarstöð, bygging og rekstur
- Breyting á aðkomu og fyrirkomulagi á lóð.

Í **matsáætlun** voru skilgreindir þeir umhverfisþættir sem talið var líklegt að yrðu fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar og eru þeir eftirfarandi:

- Landslag, áskýnd, jarðmyndanir
- Lífríki
- Loftgæði
- Vatnafar
- Samfélag/fólk

Upplýsingar um grunnástand

Upplýsingar:

- Ljósmyndir
- Heimildir um náttúrufar
- Upplýsingar um friðun og verndun
- Skipulagsáætlanir
- Vettvangsferðir
- Umsagnir og ábendingar
- Landupplýsingar
- ...

Nýjar rannsóknir:

Úttekt á fuglalífi – Náttúrustofa

Mælingar á mengun í jarðvegi – Eurofins

Vistferilsgreining á sorplausnum –

ReSource

Mat á hljóðsstigi – Mannvit

Úttekt á gróðurfari –

Náttúrufræðistofnun

Minnisblað um díoxín í jarðvegi –

ReSource

Dreifing útblástursefna – Vatnaskil.

Einkenni áhrifa

- Bein og óbein áhrif,
- jákvæð og neikvæð áhrif,
- varanleg og tímabundin áhrif,
- afturkræf og óafturkræf áhrif,
- samvirk og sammögnuð áhrif, eða samlegðaráhrif.

Vægi áhrifa

- Verulega jákvæð
- Talsvert jákvæð
- Óveruleg
- Talsvert neikvæð
- Verulega neikvæð
- Óviss

Viðmið um áhrif

Viðmið sótt í lög, reglugerðir, skipulagsáætlanir, stefnumörkun stjórnvalda, sérfræðiskýrslum, umsögnum og ábendingum úr ferlinu.

- Náttúruverndarlög
- Velferð til framtíðar - jarðmyndanir
- Válistar um plöntur og dýr
- Reglugerð nr 920/2016 um styrk mengunarefna
- Reglugerðir um losun frá sorpbrennslum

- Reglugerðir um losunarmörk
- Þýsk umhverfismörk fyrir díoxín
- Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir
- Lög um meðhöndlun úrgangs og tengdar reglugerðir
- Reglugerð um hávaða
- Fyrirliggjandi rannsóknir
- Umsagnir í ferlinu
- ...


LANDSLAG, ÁSÝND, JARÐMYNDANIR

Sjónlínugreining

Svæði þar sem sást ekki til byggingar á móttökusvæðinu en nýr strompur og stækkun á byggingu mun sjást eftir framkvæmdir.

Mjög lítil sjónræn áhrif.

Dregið úr áhrifum á ásýnd, fokhættu og hljóðvist með mön og þar sem svæðið er niðurgrafið í hraunið að miklu leyti.



LANDSLAG, ÁSÝND, JARÐMYNDANIR



Móttökustöð við Eldfellsveg fyrir framkvæmdir.

LANDSLAG, ÁSÝND, JARÐMYNDANIR



Eftir framkvæmdir, rask verður vegna
aðkomuvegar

LANDSLAG, ÁSÝND, JARÐMYNDANIR



LANDSLAG, ÁSÝND, JARÐMYNDANIR



Móttökustöð við Eldfellsveg eftir
framkvæmdir af toppi Eldfells

LANDSLAG, ÁSÝND, JARÐMYNDANIR




LANDSLAG, ÁSÝND, JARÐMYNDANIR

Niðurstaða

Ný brennslustöð og breytingar á fyrirkomulagi á lóð móttökustöðvarinnar mun hafa mjög óveruleg áhrif á **landslag, ásýnd og jarðmyndanir**.

LÍFRÍKI Á LANDI



Gróður

Byggt á rannsóknum og vistgerðargreiningu Náttúrufræðistofnunar. Framkvæmdasvæði nú þegar raskað.

Tegund	Fjöldi	Varppettíki (pörkm²)	Hættuflokkun í Válistar
Varppetegundir			
Hrossagajakur (<i>Gallinago gallinago</i>)	2 hneggandi karlfuglar	13	LC
Haðlaða (<i>Pluvialis apricaria</i>)	1 fugl	6	LC
Staindæpli (<i>Oenanthe oenanthe</i>)	3 syngandi karlfuglar	19	LC
Púllstíngur (<i>Actitis pratensis</i>)	8 syngandi karlfuglar	57	LC
Skógapöstrur (<i>Turdus iliacus</i>)	2 pör, fæðubundur & hreður	13	LC
Tegundir í fæðuflun að vori			
Stær (<i>Sterna vulgaris</i>)	>20 fuglar		LC
Mariuerla (<i>Motacilla alba</i>)	4 fuglar		LC
Þjargdúfa (<i>Columba livia</i>)	55+ fuglar		LC
Siluramfugl (<i>Larus canus</i>)	1 fugl		DD
Siluramfugl (<i>L. argentatus</i>)	12 fuglar		NT
Hvítamfugl (<i>L. hyperboreus</i>)	1 fugla		EN
Hrafn (<i>Corvus corax</i>)	6 fuglar		VU
Tegundir í fæðuflun að vetti			
Svarfbakur (<i>L. marinus</i>)	Nökkvirk		EN
Þjarmamfugl (<i>L. glaucooides</i>)	Nökkvirk		LC
Dröfingur (<i>Pectophaga nivalis</i>)	Nökkvirk - hundrúð		VU
Falki (<i>Falco rusticolus</i>)	Ungfuglar koma við		VU
Smyril (<i>F. columbarius</i>)	Tíðastur & haustin		LC

* Válistaflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands 2018 [1]. DD: "Gögn vantar." LC:

"Tegund ekki metin í hættu." NT: "tegund í yfirvohndi hættu." VU: "tegund í nokkurni hættu." EN: "tegund í hættu."

Fuglar

Á framkvæmdasvæðinu eru fuglasvæði en þau eru hvorki mikilvæg á lands- né svæðisvísu. Engar fuglategundir á válista, ekkert varp innan lóðar.





Niðurstaða

Bein áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á **vistgerðir** og vaxtarsvæði válistategunda eða annarra fremur sjaldgæfra tegunda eru talin vera engin eða óveruleg.

Bein áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á **fugla** eru talin vera engin eða óveruleg.

LOFTGÆÐI

Styrkur efna í útblæstri
Loftdreifispá reiknuð með loftdreifingarlíkani. Forritið sem notað var studdist við veðurlíkan, veðurmælingagögn, landhæðarlíkan og landgerðargrunn.



Efni

SO₂

NO₂

NO_x

CO

PM10

Pb

As

Cd

Ni

B(a)P (Hluti af heildar PAH)

F

LOFTGÆÐI

Grunnástand díoxín

Mælingar gerðar til að fá upplýsingar um grunnástand díoxíns í jarðvegi.

Fjögur sýni af jarðvegi

Eitt sýni af mosa (2).

Sýnin sem tekin voru nú eru öll undir viðmiðunarmörkum sem Umhverfisstofnun setur á díoxín í jarðvegi (<5 ng/kg jarðvegs) nema eitt. Það er sýni nr. 7270 sem mælist 9 ng/kg jarðvegs.

Sýni sem var tekið í svipaðri fjarlægð frá brennslustöðinni árið 2011 mældist nokkuð hærra eða 24,5 ng/kg jarðvegs.



Eitt mælt sýni af jarðvegi er með 9 ng/kg af díoxíni og skv. viðmiðunarmörkum sem Umhverfisstofnun styðst við, á þá við að finna uppsprettu losunarinnar og takmarka hana. Það var gert þegar eldri brennslustöð var lokað. Niðurstöður annarra mælinga eru undir mörkum.

Ný brennslustöð er hönnuð miðað við að styrkur efna í útblæstri fari ekki yfir losunarmörk samkvæmt reglugerðum.

Í sýni af mosa á sama stað var díoxín 23,0 ng/kg. Ekki liggja fyrir viðmiðunarmörk fyrir magn í mosa en ef miðað er við sömu mörk og fyrir jarðveg þá þarf að takmarka losun díoxíns í nágrenninu, skv. viðmiðum Umhverfisstofnunar.

LOFTGÆÐI



VÖKTUN

Mengunarefni í útblæstri verða vöktuð. Mengunarvarnarefni í útblæstri verða mæld með símælibúnaði auk árlegra mælinga. Miðað er við að mæla þau efni sem sett hafa verið losunarmörk fyrir í útblæstri.

Niðurstaða

Niðurstaða loftdreifilíkansins er að styrkur í andrúmslofti muni hvergi fara yfir viðmiðunarmörk fyrir nokkurt efni samkvæmt útreikningunum (Vatnaskil, 2019). Ekki er ástæða til að afmarka þynningarsvæði þar sem þynning mengunar á sér stað og ákvæði starfsleyfis kveða á um að mengun megi vera yfir umhverfismörkum eða gæðamarkmiðum, þar sem mengun er alls staðar innan marka.

VATNAFAR

Frárennsli þar sem spilliefni verða meðhöndluð verða í lokuðu kerfi, og spilliefni fönguð í söfnunarþró.

Regnvatni af svæðum þar sem mengandi efni verða meðhöndluð skal veitt í búnað með viðeigandi síum, sand- og olíuskiljum.

Kælivatn til að kæla botnösku verður í lokuðu kerfi.



VÖKTUN

Samsetning frárennslis verður vaktað.

Niðurstaða

Áhrif framkvæmdarinnar á **vatnafar** eru talin jákvæð vegna úrbóta sem gerðar verða í meðferð frárennslis við endurskipulag flokkunar- og móttökusvæðisins.


SAMFÉLAG FÓLK

Lykt og fok

Hreinsibúnaður gerir það ólíklegt að óþægindi verði vegna lyktar. Meira skjól verður á móttökustöð og minna fok.

Hljóðvist

Hljóðstig innan og utan lóðar er líklegt til að vera innan marka að nóttu sem degi.



SAMFÉLAG FÓLK

Niðurstaða

Áhrif endurskipulagningar lóðar á óþægindi vegna **foks** eru talin jákvæð. Áhrif lyktar frá starfsemi á **heilsu** eru talin óveruleg eða engin. Samantekið eru áhrif á heilsu og óþægindi talin jákvæð.

Áhrif nýrrar brennslustöðvar á **hljóðvist** eru talin óveruleg.

Drög að vöktunaráætlun

Lagt er til að fallryk og magn þungmálma og Díoxíns/fúrana í nágrenni brennslu- og orkunýtingarstöðvarinnar verði vaktað með reglubundnum hætti.

Í innra eftirliti með starfsemi stöðvarinnar verður fylgst með útblæstri, losun olúgildra og frárennsli.

Fært verður grænt bókhald og útstreymisbókhald og gerðar neyðar- og viðbragðsáætlanir í samræmi við starfsemi stöðvarinnar.

Botnaska skal gangast undir prófun til þess að ákvarða hvort hún uppfylli viðmið fyrir óvirkan úrgang.

Niðurstaða mats á umhverfisáhrifum

Framkvæmdin mun hafa óveruleg eða engin áhrif á 3 af þeim 5 umhverfispáttum sem metnir voru.

Niðurstaða matsins er að heildaráhrif framkvæmdarinnar að teknu tilliti til mótvægisaðgerða verði óveruleg, nema á samfélag og vatnafar sem teljast jákvæð.

